Lyfjaverð hefur lækkað hér á landi

● Lyfjagreiðslunefnd með verðsamanburð á lyfjum hér og á öðrum Norðurlöndum ● Aðgerðir yfirvalda til að halda niðri lyfjaverði og aukin samkeppni á samheitalyfjamarkaði hafa lækkað verðið

Ingveldur Geirsdóttir
ingveldur@mbl.is

„Það sem er áhugavert í þessu er að íslenskt lyfjaverð er orðið sambærilegt lyfjaverði annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta hefur breyst tölvert á undanförnum árum," segir Rúna Hauksdóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar, um niðurstöður verðsamanburðar Lyfjagreiðslunefndar á lyfjum á Íslandi og í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Niðurstöðurnar voru birtar í gær en samanburðurinn var gerður í febrúar og september 2013.

Hvað veldur því að íslenskt lyfjaverð er orðið sambærilegt því sem gerist hjá hinum Norðurlandaþjóðunum?

„Það er tvennt sem veldur því; aðgerðir yfirvalda í að reyna að halda niðri lyfjakostnaði og lyfjaverði og aukin samkeppni á samheitalyfjamarkaði. Við vorum mikið í frumlyfjunum en nú hefur lyfjanotkuninni verið beint í ódýrari farveg með skilyrtri greiðsluþátttöku og ódýrari samheitalyfjum," svarar Rósa.

Áætlað er að heildarverðendurskoðun lyfjagreiðslunefndar á apótekslyfjum og sjúkrahúslyfjum muni leiða til sparnaðar í lyfjaútgjöldum á ársgrundvelli sem nemur tæpum milljarði króna. Áætlað er að mestur sparnaður náist á sjúkrahúslyfjum eða rúmur hálfur milljarður.

Lyfjagreiðslunefnd gerði verðsamanburð á 35 af 50 kostnaðarsömustu pakkningum sem Sjúkratryggingar Íslands greiddu í árið 2012. Verðsamanburðurinn er bæði á heildsölu- og smásöluverði og byggist á verðskrám febrúar- og septembermánaða 2013 á Íslandi og í samanburðarlöndunum, sem eru Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland.

Morgunblaðið/Sverrir

Lyf Lyfjaverð á Íslandi nálgast verð í nágrannalöndunum.

Verðlækkun

» Verðlækkun á verðkörfunni er um 9% á milli febrúar og september, þar af skýrir styrking krónunnar um 6% og verðendurskoðun nefndarinnar 3% af lækkuninni.

» Concerta, 39 stk af 54 mg, kostar 19.045 kr. í febrúar en 16.569 kr. í september. Ritalin Uno, 30 stk af 40 mg, kostar 14.542 í febrúar en 13.753 í september. Keppra, 100 stk af 500 mg, kostar 26.478 í febrúar en 24.811 kr. í september.

Lyfjaverð á Íslandi er yfirleitt hærra en meðaltal lyfjaverðs annars staðar á Norðurlöndum en það munar oft ansi litlu.

Þegar tafla yfir smásöluverð lyfja í febrúar er skoðuð sést að verð á 21 lyfi af 35 er hærra á Íslandi en meðaltalsverð hinna landanna. Af þeim löndum er lyfjaverð oftast hæst í Danmörku og Svíþjóð en lægst í Noregi. Í september eru 26 lyfjategundir af 35 dýrari á Íslandi en meðaltalsverð hinna fjögurra landanna, stundum munar nánast engu á löndunum, aðeins nokkrum krónum.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2013, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2013 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2013, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraða og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.
Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2013

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Morgunblaðið/Ómar

Til bráðabirgða Ný stofnun tæki við verkum Sérstaks saksóknara.

Ný stofnun skoði efnahagsbrotin

● Tillaga nefndar um efnahagsbrot

Nefnd um skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum telur nauðsynlegt að byggja upp nýtt rannsókna- og ákæruvaldsembætti á sviði efnahagsbrota.

Umrædd nefnd var skipuð 16. janúar 2012 og var aðdragandinn bráðabirgðaákvæði sem var að finna í lögum 82/2011 en með þeim voru verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra færð undir embætti sérstaks saksóknara.

Sagði í bráðabirgðaákvæðinu að innanríkisráðherra skyldi skipa nefnd sérfróðra manna sem hefði það hlutverk að „endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum og gera tillögur að heildarskipulagi slíkra rannsókna innan einnar stofnunar".

Nefndin hefur skilað niðurstöðum en hún telur tvær leiðir færar í þessu efni. Annars vegar að sett verði á stofn ný rannsókna- og ákærustofnun til að taka við verkefnum embættis sérstaks saksóknara. Jafnframt verði peningaþvættisskrifstofa færð frá ríkislögreglustjóra til nýrrar stofnunar og sett upp sérstök deild sem sinni endurheimtu ólögmæts ávinnings af brotum.

Annist rannsóknir brota

Er hér lagt til að byggð verði upp stofnun á grunni embættis sérstaks saksóknara „sem annist rannsóknir alvarlegra efnahagsbrota og fari jafnframt með ákæruvald á lægra ákæruvaldsstigi (eða eftir atvikum millistigi) í þeim málaflokkum" sem þar eru til rannsóknar. Embættið fari að „lágmarki með rannsókn efnahagsbrotamála og ákæruvald í skattalaga- og efnahagsbrotamálum".

Síðari leiðin gengur lengra í sameiningu stofnana en þar er lagt til að hin nýja stofnun taki jafnframt við verkefnum skattrannsóknarstjóra og eftir atvikum verkefnum sem varða málshöfðanir ríkissaksóknara.

Báðar leiðirnar eru sagðar kalla „a.m.k. á breytingar á sakamálalögum og lögreglulögum og sú síðari auk þess á breytingar á skattalöggjöf". *baldura@mbl.is*

FULLTRÚAR RÁÐHERRA

Fimm komu að nefndarvinnu

Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, skipaði hinn 16. janúar 2012 eftirfarandi einstaklinga í nefndina: Sigurð Tómas Magnússon, prófessor við Háskólann í Reykjavík, sem var formaður, Bryndísi Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra og Þóru M. Hjaltested, skrifstofustjóra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Í júní 2012 tók Valgerður Rún Benediktsdóttir, skrifstofustjóri í sama ráðuneyti, sæti Þóru í nefndinni. Með nefndinni starfaði Gunnlaugur Geirsson, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu. Rætt var við fjölda aðila innanlands og utan.

Ögmundur Jónasson